

**Ed.**

## **573. Frumvarp til laga**

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### 1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings. Gjald til búnaðarmálasjóðs er  $\frac{1}{2}\%$  af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

### 2. gr.

Þessar vörur er gjaldskyldar:

- a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkur-útsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómaþúum og smjörslögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
- b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
- c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
- d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

### 3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um mótttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumannni ríkisins.

### 4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjald-daga.

### 5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

### 6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1945.